

Ágætu fundargestir

Ég vil í upphafi þakka fyrir að fá tækifæri til þess að ræða stuttlega það brýna málefni sem hér er til umfjöllunar í dag, það er að segja um stöðu háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Háskólamenntaðir án atvinnu eru breiður hópur fólks og málið þarf að skoða út frá ýmsum hliðum. Hér getur ýmist verið um að ræða fólk sem misst hefur vinnuna en einnig þá sem aldrei hafa fengið starf við hæfi eða búið við mikið óöryggi á vinnumarkaði, svo sem tímabundnar ráðningar, og auðvitað þann hóp sem starfar sjálfstætt og byggir afkomu sína meira og minna á styrkfé sem er stopult. Í þessum hópi eru einnig háskólamenntaðir öryrkjar.

Þó svo að atvinnuleysi meðal háskólamenntaðra sé að jafnaði minna en þeirra sem hafa ekki lokið háskólamenntun er ýmislegt sem bendir til þess að atvinnuleysi í þessum hópi sé að verða meira viðvarandi hér á landi en áður hefur þekkt, að minnsta kosti ef skoðaðar eru tölur undanfarinna ára, og mikilvægt er að greina ástæður þess. Rannsóknir sýna fram á að menntun eykur velsæld þjóða og því er brýnt atvinnustefna taka mið af því að auka möguleika háskólamenntaðra á vinnumarkaði.

Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að miklar breytingar hafa orðið á samsetningu menntunar á Íslandi undanfarna áratugi. Háskólanemum hefur fjölgað mikið sem hefur auðvitað leitt til þess að nú útskrifast margir með háskólagráðu. Sem dæmi má nefna að frá árinu 2009 hefur Háskóli Íslands veitt um sautján þúsund prófgráður. Þá hafði um þriðjungur allra hér á landi á aldrinum 25 til 64 ára lokið að minnsta kosti grunnnámi á háskólastigi árið 2014. Það hlutfall er svipað og til að mynda annars staðar á Norðurlöndum og liggur munurinn miklu frekar í því að hér á landi er hlutfall þeirra sem einungis hafa lokið grunmenntun miklu hærra en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Um fjórðungur allra á aldrinum 25 til 64 ára hafði einungis lokið grunmenntun á Íslandi árið 2014 en

til samanburðar má nefna að meðaltal ríkja OECD var þá 15% og einungis 7% eru í sama hópi í Bandaríkjunum.

Af hverju er ég að nefna þetta? Jú, vegna þess að undanfarin misseri hefur verið unnið að endurskipulagningu á framhaldsskólastiginu og námið stytt út fjórum árum í þrjú. Markmið breytinganna er meðal annars að draga úr brottfalli í framhaldsskólum. Náist það markmið mun það að minnst kosti þýða, eins og lög og reglur kveða á um í dag, að mun fleiri muni í framtíðinni hafa rétt á að skrá sig í háskólanám. Hvort þetta leiðir svo til enn frekari fjölgunar í hópi háskólanema og svo aftur í hópi háskólamenntaðra verður reynslan að leiða í ljós. Við getum hins vegar nánast gengið út frá þeirri forsendu að afar ólíklegt sé að hlutfall háskólamenntaðra á vinnumarkaði hér á landi lækki á næstu árum og áratugum og flest bendir raunar til þess að það muni hækka.

Til þess að gera þetta mál kannski að einhverju leyti enn flóknara verðum við líka að hafa í huga að samsetning þeirra sem ljúka háskólamenntun á Íslandi út frá námsstigi hefur breyst mikið á undanförunum áratugum. Fyrir um 20 árum væru nær allir háskólanemar hér á landi í grunnnámi. Nú er ríflega fjórðungur nemenda við Háskóla Íslands í framhaldsnámi og við höfum séð mikinn vöxt í brautskráningum á bæði meistara- og doktorsstigi á undanförunum árum. Þetta þýðir að sífellt fleiri ljúka nú sérhæfðara námi sem auðvitað kallar á breytingar atvinnustefnu í landinu almennt. Efla þarf tækifæri til nýsköpunar og gera menntun hærra undir höfði. Í þessu samhengi má einmitt nefna að fyrir skemmstu var nokkuð rætt á opinberum vettvangi um gildi prófgráða. Þar var því meðal annars haldið fram að háskólagráðan hafi gengisfallið. Fyrirtæki vilji meiri fjölbreytni og reynsla sé vanmetin.

Ég vísa því alfarið á bug að háskólagráður séu almennt ofmetnar og tel raunar að þær séu mikilvægari en nokkru sinni bæði fyrir nemendur og samfélagið allt. Prófgáða frá háskóla er ekki aðeins til vitnis

um þjálfun á tilteknu sviði og aukna þekkingu. Hún er um leið vitnisburður um öguð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Háskólar verða að uppfylla ströng alþjóðleg gæðaviðmið og háskólagráðan er þannig gæðastimpill sem opnar fjölmargar dyr út í þjóðfélagið og umheiminn. Við þurfum ævinlega að vera á varðbergi gagnvart þeim sem vilja gera lítið úr gildi æðri menntunar. Og ekki misskilja mig, ég er með þessu alls ekki kasta rýrð á gildi reynslunnar; hún skiptir vissulega máli og þegar fyrirtæki og stofnanir ráða starfsfólk verða þau að vega og meta hvaða prófgráða og hvers konar reynsla hæfir best starfinu sem í boði er. En ég get á hinn bóginn fullyrt að með því að ljúka háskólanámi afla nemendur sér ekki aðeins nýrrar þekkingar og verða þannig verðmætari fyrir samfélagið, heldur hafa þeir tekist á við og lokið stóru verkefni sem útheimtir fyrirhyggju, eljusemi og þrautseigju. Sú reynsla er dýrmætt veganesti út í lífið um ókomin ár.

Á hverju ári gerir Háskóli Íslands kannanir hjá útskrifuðum nemendum. Nýjustu tölur eru um þá sem útskrifuðust árið 2011 en í þeim hópi var 4,4% atvinnuleysi árið 2013, sem var þá töluvert undir meðalatvinnuleysi. Einnig kom í ljós að það tók fólk að meðaltali 2,7 mánuði að fá vinnu eftir brautskráningu. Þetta eru vissulega gleðilegar fréttir en á sama tíma sjáum við að þeir sem eingöngu hafa lokið grunnenntun hér á landi eru með um 86% af ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra. Það er hærra hlutfall en í nokkru öðru Evrópuríki og munurinn á Íslandi og öðrum ríkjum er sláandi. Það er mikilvægt að menntun sé metin til launa og það er áhyggjuefni að bilið á milli ráðstöfunartekna einstaklinga með grunnenntun annars vegar og háskólamenntun hins vegar hafi farið minnkandi. Það er gríðarlega mikil fjárfesting fyrir hvern og einn að afla sér háskólamenntunar. Og þess vegna á fólk að geta vænst ávinnings af slíku. Háskólamenntun veitir aðgang að fjölbreyttari störfum og síðan má ekki heldur gleyma því að langt nám hefur áhrif á ævitekjurnar enda er fólk að jafnaði launalaust á meðan það menntar sig. Margir taka líka námslán og greiðslubyrði getur verið þung.

Að lokum við ég aftur þakka fyrir tækifærið til þess að ávarpa ykkur hér í dag og hvet ykkur til dáða í umfjöllun og umræðum um þetta mikilvæga málefni.